

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 430/2010, um markaðsfyrirkomulag við aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur á lögbýlum, með síðari breytingum.

1. gr.

Við ákvæði 1. gr. bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
Reglugerð þessi gildir ekki um eigendaskipti að lögbýlum með greiðslumarki.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

- a) Á eftir orðinu „lögbýlisnúmer“ í 3. málslíð kemur: netfang, ef það er fyrir hendi.
- b) 4. málslíður orðast svo: Tilboðin skulu hafa borist til Matvælastofnunar eigi síðar en þann 25. maí þegar markaður er haldinn 1. júní og þann 25. nóvember þegar markaður er haldinn 1. desember.
- c) Í stað 14. málslíðar (lokamálslíðar) koma þrjú nýir málslíðir sem orðast svo:
Kauptilboðum skal fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggji að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt. Einnig er heimilt að leggja fram með kauptilboði eða fyrir upphaf markaðsdags staðgreiðslu fyrir andvirði greiðslumarksins í formi yfirstrikaðrar ávísunar útgefinnar af banka. Kaupandi skal inna af hendi staðgreiðslu fyrir andvirði greiðslumarksins innan 7 daga frá staðfestingu Matvælastofnunar á aðilaskiptum að greiðslumarkinu.

3. gr.

Nýr málslíður bætist við 1. mgr. 5. gr., sem verður 4. málslíður, svohljóðandi:
Náist ekki fullt jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar greiðslumarks skiptist greiðslumark sem selt verður hlutfallslega milli kaupenda í samræmi við magn hvers tilboðsgjafa.

4. gr.

Í stað tölunnar „10.“ í 8. málslíð 6. gr. kemur: 20.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 1. júlí 2010.

Jón Bjarnason.

Sigríður Norðmann.